

um frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Minni hlutinn (Á. Á. og H. Stef.) mælir með, að það gangi fram með litlum breytingum, en vjer, sem erum í meiri hluta, leggjum til, að það nái ekki fram að ganga.

Því hefir af sumum verið haldið fram, að frv. færi ekki fram á stýfing krónunnar, en niðurlagsorð 1. gr., »með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli«, taka af allan efa um það, að frv. stefnir beint að stýfingu krónunnar.

Meiri hluti vill ekki neita því, að gengi íslenskrar krónu hafi verið sett of hátt á síðastliðnu hausti. Þetta varð því tilfinnanlegra sjávarútveginum, sem samtímis, eða litlu síðar, varð óvenjumikið verðfall á sild og fiski í aðalneytslulöndunum, Spáni og einkum Ítalíu; hins vegar var gengishækkunin lítt tilfinnanleg landbúnaðinum, því gengi norskrar krónu hækkaði talsvert um það leyti, sem greiðsla fyrir saltkjötið fór fram.

Það er álit meiri hluta, að verðlagið innanlands sje enn þá ekki komið í samræmi við gengið nema að einu leyti, á innfluttri vöru, en það nálgist það smámsaman og muni á aflíðandi sumri eða næsta hausti hafa náð fullu samræmi.

Verðlagið innanlands stjórnast aðallega af þessu tvennu:

- a. Vinnulaunum í landinu.
- b. Gengi peninganna.

Það er mikill misskilningur að halda, að því ráði eingöngu verðlagið í viðskiftalöndum okkar.

Að hjer er meiri dýrtíð en t. d. í Englandi, stafar af því, að hjer er hærra verkkaup að tiltölu við afrakstur vinnunnar, og verðlagið á innlendum vörum því hærra hjer en þar, og að í Englandi eru verðhærri peningar og aðkeyptar vörur þar af leiðandi ekki eins dýrar og hjer.

Nú er það víðurkent, að peningagengi hvers lands verður að vera í nokkurnvegin samræmi við verðlagið á nauðsynjum, til þess að heilbrigt sje og til þess að von sje um, að það haldist sveiflulítið.

Peningagengi, sem ekki er í samræmi við verðlagið, býður heim »spekulation«. Þó skal það játað, að minni hættu er á og betri aðstaða til að hamla á móti »spekulation« hjer en víðast annarsstaðar.

Með hækkandi gengi hljóta gengishækkunarir að ganga á undan verðlækkun, en það er nauðsynlegt, að hverri gengishækkun fylgi kaupgjaldslækkun og þar af leiðandi lækkun innlendra vara; lækkun erlendu varanna fæst beint með gengishækkuninni.

Þess er að vænta, að allir sjái nauðsyn þess, að kaupgjaldið fari lækkandi samfara þverrandi dýrtíð. Verklýðsfjelögin hafa lýst fylgi sínu við hækk-

un krónunnar upp í gullgildi (100 gullaura krónu), og er því að vænta fullkomins stuðnings þeirra til þess að ná þessu marki.

Það er álit meiri hlutans, að minni hlutinn geri fullmikið úr þeim örðugleikum, sem fylgja því að koma krónunni í fyrra gullgildi.

Svo framarlega, sem atvinnurekendur og vinnusalar eru samtaka og verkamenn sjá nauðsyn og sanngirni kauplækkunar í samræmi við hækkandi gengi og þverrandi dýrtíð, þá er hækkun í gullgildi vel framkvæmanleg án tilfinnanlegrar röskunar á atvinnulífinu.

Ef hinsvegar verkamenn neita um sanngjarna kauplækkun og beita öllum styrk sinum til að standa á móti lækkun, þá má svo fara, að ekki verði hægt að framkvæma gengishækkun, jafnvel að færa verði núverandi gengi niður, og þá ef til vill stýfa krónuna á lægra gullgildi en nú stendur hún í.

Að öllum málavöxtum athuguðum telur meiri hluti fjárhagsnefndar sjálfsagt, að haldið sje því gengi, sem nú er, til næsta þings, og telur, að það verði yfirleitt öllum landsmönnum fyrir bestu, að það verði gert. Þetta verður þó að sjálfsögðu því skilyrði bundið, að verðlagið innanlands komist í samræmi við gengið, en það er álit meiri hlutans, að svo muni verða innan ekki allans tíma, svo framarlega, sem sanngjörn kauplækkun fæst.

Nefndarmenn eru ekki alveg sammála um, hvort eða að hve miklu leyti ríkisvaldið eigi að taka þátt í eða styðja gjaldeyrisverslun bankanna, en meiri hlutinn litur svo á, að ef Alþingi samþykkir og leggur svo fyrir, að genginu skuli haldið föstu, eða því sem næst, til næsta þings, þá sje svo lítil hætta samfara gjaldeyrisversluninni, að ekki eigi að þurfa til ríkisábyrgðar eða ríkisstyrks að koma.

Landsbankastjórnin hefir líka lýst því endurtekið yfir við fjárhagsnefnd, að hún teldi engin, eða mjög lítil, vandkvæði á að halda genginu óbreyttu til næsta þings, ef Alþingi lýsti yfir þeim vilja sinum, að það yrði gert.

Reyndar segir minni hluti gengisnefndar í svari sínu til fjárhagsnefndar, að fyrir geti komið, að ríkissjóður þurfi að taka lán, eða ábyrgjast lán (fyrir bankana), ef halda eigi genginu sveiflalaus, »þegar bankarnir hafi notað lánstraust sitt«. Þar sem Landsbankinn mun enn þá ekki hafa þurft að nota lánstraust sitt erlendis til þess að fullnægja eftirspurninni eftir erlendum gjaldeyri, þá er ekki líklegt, að til þessa þurfi að taka fram til næsta þings. — Annars mun það hafa verið venjan, að ríkisstjórnin ábyrgðist þau lán, sem Landsbankinn hefir tekið erlendis, ef ríkisstjórnin hefir talið þeirra þörf, án þess að löggjafarvaldið hafi verið aðspurt í hverju tilfelli.

Nefndarmenn eru ekki sömu skoðunar um það, hvort fjölga eigi atkvæðisbærum meðlimum gengisnefndarinnar, og eru því óbundin atkvæði um tillögur þar að lútandi.

Að öllum málavöxtum athuguðum, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að deildin afgreiði frumvarpið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRA:

Neðri deild Alþingis litur svo á, að halda beri núverandi gengi is-

lenskrar krónu fóstu til næsta þings. Í fullu trausti þess, að þetta megi verða án verulegrar fjárhagslegrar áhættu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr. og frsm.	Björn Líndal.
Jakob Möller.	Magnús Jónsson.	